

Siðanefnd Blaðamannafélags Íslands

Úrskurður í máli 2, 2017/2018

Kærandi: Robert Spencer

Kærði: Sigríður Hagalín Björnsdóttir, fréttamaður á fréttastofu RUV

Kærufni: Viðtal Sigríðar við Robert Spencer

Málsmeðferð:

Kæran er dagsett þann 2. ágúst og var send með pósti á skrifstofu BÍ. Kæran barst siðanefnd 9. ágúst. Fjallað var um kærana á fundi siðanefndar þann 15. ágúst. Formaður nefndarinnar Björn Vignir Sigurpálsson, vék sæti og tók Jóhannes Tómasson sæti hans við meðferð málsins.

Umfjöllun:

Hið kærða viðtal var sent út í tíu fréttum RUV þann 11. maí síðastliðinn, það er fyrir hartnær þremur mánuðum frá dagsetningu kærunnar. Því er kærufrestur útrunninn samkvæmt 6. grein siðareglna BÍ þar sem stendur:


Hver sá sem telur að blaðamaður hafi brotið framangreindar reglur og á hagsmuna að gæta, getur kært ætlað brot til Siðanefndar BÍ innan 2ja mánaða frá birtingu enda sé mál vegna birtingarinnar ekki rekið fyrir almennum dómstólum á sama tíma.

Samkvæmt þessari reglu telst kæran ekki tæk og eru um það nokkur fordæmi að málum sé vísað frá þar sem kærufrestur er útrunninn. Með bréfi umboðsmanns kæranda dagsettu 8. ágúst er óskað eftir undanþágu frá þessum tímaramma. Ákvæði 6. greinar siðareglna BÍ er fortakslaut og því ber siðanefnd að hafna beiðninni.

Úrskurður:

Kæru 2, 2017/2018 er vísað frá.


Reykjavík 15.08.2017




Hjörtur Gíslason




Ásgeir P. Arnason



Friðrik Þór Guðmundsson



Jóhannes Tómasson



Róbert H. Haraldsson